

Slysavarnavikan 1951.

Sunnudaginn 6. maí, kl. 3 e. h., hófst „slysavarnavikan 1951“ við Iðnskólann í Reykjavík, að viðstöddu fjölmenni. Jón Oddgeir Jónsson, fulltrúi Slysavarnafélags Íslands, lýsti yfir því, að slysavarnavikan væri hafin, en Jón Sigurðsson, slökkviliðs-stjóri og Guðmundur Karlsson, brunaliðsmaður, skýrðu sýningu slökkviliðsins. Voru notuð gjallarhorn, til þess að mannfjöldinn mætti vel heyra. Í sýningarglugga Skóverzlunar Lárusar G. Lúðvígssonar var sýnt líkan af fluglínutækjum og strönduðu skipi, sem meðlimir úr slysavarnardeild Stokkseyrar höfðu smíðað og gefið Slysavarnafélagi Íslands; það eru þeir Þorkell Guðjónsson vélstjóri, Sigurður Sigurðsson trésmiður og Sigurjón Jónsson frá Hóli. — Í Skemmuglugganum í Austurstræti var sýnt ýmislegt um orsakir eldsvoða, brunnið herbergi og slökkvitæki. Samband brunatryggjenda á Íslandi sá um sýningu þessa.

Mánudaginn 7. maí voru kvikmyndasýningar í Tjarnarbió, og þar sýndar eldsvarnarmyndir, umferðarmyndir og lifgun úr dauðadái. Um kvöldið flutti Kristján Reykdal útvarpsrindi um eldsvarnir; aukamyndir voru í kvikmyndahúsunum um slysavarnaefni og blöðin fluttu greinar varðandi slysavarnir.

Þriðjudaginn 8. maí leiðbeindi fjölmennit lögreglulið bæjarbúum, einkum við umferðarljósin. Þá voru og umferðarkvikmyndir sýndar í nokkrum skólum og sem aukamyndir í

kvikmyndahúsunum. Erlingur yfir lögregluþjónn Pálsson flutti útvarpsrindi um umferðarmál.

Miðvikudaginn 9. maí leiðbeindi lögreglan vegfarendum í umferðinni með aðstoð skáta, umferðar- og slysavarnamyndir sýndar á nokkrum vinnustöðvum, gluggasýningar áfram, greinar í blöðum um umferðarmál og aukamyndir í kvikmyndahúsum.

Fimmtudaginn 10. maí var sýning við höfnina í Reykjavík á björgun með fluglínutækjum og sá Baldur Jónsson kaupmaður, formaður björgunarsveitarinnar í Reykjavík, um hana. Þá var útvarpskvöld slysavarnadeildarinnar „Ingólfur“; aukamyndir í kvikmyndahúsum og greinar í blöðum um slysavarnamál.

Föstudaginn 11. maí var kvikmyndin „Björgunarafrekið við Látrabjarg“ sýnd í Gamla Bíó, gluggasýningar opnar og blöðin birtu greinar um öryggismál til lands og sjávar. Þá fór fram merkjasala fyrir slysavarnastarfseminu á vegum deildarinnar „Ingólfs“. Merkjasalan gekk óvenju vel og má ef til vill eitthvað þakka það fræðslustarfseminni, sem á undan var gengin — endu munu augu fólks alltaf að opnast betur og betur fyrir hinni bráðnaðsynlegu starfsemi Slysavarnafélags Íslands og deilda þess og skal almenningur hvattur til þess að láta allar vikur ársins verða sannkallaðar „slysavarnavikur“.



Slökkviliðsmenn sýndu sig á kaðli eins og notaður er við björgun úr bruna, t. d. í heimahúsum. Þetta sig samsvarar því, að maður sigi frá glugga á 4. hæð á venjulegu íbúðarhúsi. Sem varúðarráðstöfun á æfingunni var öryggismottu haldið undir manninum. (Hjálmar R. Bárðarson tók þessa mynd og forsiðumyndina fyrir Vikuna).

LISTVINASALURINN

Föstudaginn 11. maí opnuðu Gunnar Sigurðsson og Björn Th. Björnsson listasal í nýjum húsakynnum á horni Freyjugötu og Mímisvegur (hús Ásmundar myndhöggvara Sveinssonar) og nefna þeir hann Listvinasalinn. Verður þar til sýnis og sölu úrval málverka, höggmynda, svartlistar og annarra listmuna eftir alla helztu íslenska listamenn, og skipt um listaverk á 10—14 daga fresti. Listvinasalurinn er opinn daglega frá 13—20 og á fimmtudögum og sunnudögum til kl. 22.30. Aðgangur er ókeypis.

Listvinasalurinn mun halda kynninga- og fræðslukvöld einu sinni í mánuði (nema í júlí og ágúst) og verða þar sýndar kvikmyndir um listir, flutt fræðsluerindi, ný hljómlist, upplestrar ungra skálda og rit höfunda, og efnt til umræðufunda um list og listastefnur. Kynningarkvöld þessi verða aðeins fyrir styrktaraðila, en ársgjald þeirra er kr. 100.00 (hjóna kr. 150.00). Efnt mun verða til sérsýninga á verkum erlendra og innlendra listamanna (3—5 á ári), og eiga styrktaraðilar jafnan ókeypis aðgang að þeim. Listvinasalurinn mun efna til happdrættis um 10—15 listaverk á ári, og verður dregið á

Þorláksmessu. Þátttakendur í happdrættinu eru styrktaraðilar einir og farið eftir tölusetningu á skírteinum þeirra. Ætlunin er, að ný tímarit um listir og handbækur liggi frammi í Listvinasalnum, er fram liða stundir.

Listvinasalurinn er óháður nokkurri einstakri listastefnu eða hópi listamanna, en hyggst leitast við að hafa frammi það, sem mest er um vert á hverjum tíma. Fyrst um sinn verða t. d. uppi málverk og vatnslitamyndir eftir Ásgrím Jónsson, Barböru Árnason, Gunnlaug Scheving, Hrólfr Sigurðsson, Jóhannes Jóhannesson, Jóhannes S. Kjarval, Júlíönu Sveinsdóttur, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Kristján Davíðsson, Magnús Árnason, Sigurð Sigurðsson, Snorri Arinbjarnar, Skarphéðin Haraldsson, Sverri Haraldsson, Valtý Pétursson, Vigdís Einarisdóttir, Þorvald Skúlason og Örlög Sigurðsson. Myndvefnaður eftir Ásgerði Ester. Höggmyndir eftir Ásmund Sveinsson, Gerði Helgadóttur og Sigurjón Ólafsson. Grafik eftir Ásgerði Ester og Jón Engilberts. Silfur eftir Björn Halldórsson og keramikið er Laugarnesleir.

Húsakynni Listvinasalarins eru skemmtileg og litill vafi á því, að þangað munu listvinir sækja sér til andlegrar hressingar.

SKRÍTLUR

Eins og gengur —!

Fjarhuga: Próffessor í náttúruvísindum náði froski á tjarnarbakka, tók upp úr sitt og fór að telja æðarslög frosksins. Þegar próffessorinn hafði lokið þessu ætlunarverki sínu stakkk hann froskinum í vasann og fleygði úrinu í tjörnina!

Kennarinn: Hversvegna komst þú ekki í skólann í gær, Pétur?

Pétur (feiminn): Ég bið yður afsökunar, kennari, en frændi minn kom með eimskipinu — svo að ég hugsaði...

Kennarinn: Þú hugsaðir — fyrst svo sérstaklega stóð á, þá er vist bezt að minnast ekki á þetta meira!

Fangavörðurinn: „Hvað, ert þú kominn hingað einu sinni enn? Skammast þú þín ekki fyrir að vera hér?“

Fanginn: „Nei, það sem er nógu gott fyrir þig, góði, get ég einnig gert mér að góðu.“

Ungur maður, sem hvorki gat sungið eða spilað, en þráði samt sem áður að flytja unnustu sinni ástaröð, flautaði í háltína undir glugga hennar — en þegar hann síðan stökk yfir girðinguna tóku hundar, sem biðu hans, á móti honum.



Getið þér ekki gert svo vel að gefa mér eld?